

Kaupfélag Suðurnesja svf.

Ársreikningur

2025

Kaupfélag Suðurnesja svf.
Krossmóa 4a
260 Reykjanesbæ
kt. 680169-1019

Kaupfélag Suðurnesja svf.

Ársreikningur 2025

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-12

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna í Kaupfélagi Suðurnesja svf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kaupfélags Suðurnesja svf. fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Kaupfélagi Suðurnesja svf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Kaupfélags Suðurnesja svf. Ef við á, skal stjórn setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningssskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjanesbær, 12. mars 2026.

Deloitte ehf.



Kristján Þór Ragnarsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Kaupfélags Suðurnesja svf. fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Kaupfélag Suðurnesja er samvinnufélag. Starfsemi félagsins felst í eignarhaldi á dótturfélögum og öðrum félögum. Félagssvæði Kaupfélags Suðurnesja er Suðurnes.

Ársreikningur þessi innifelur reikningsskil Kaupfélags Suðurnesja svf. (Kauffélagið) sem móðurfélags. Auk ársreiknings þessa er gerður samstæðureikningur móðurfélagsins og dótturfélaga. Í skýringu 7 er gerð grein fyrir dótturfélögum og starfsemi þeirra.

Starfsemin á árinu

Hagnaður (tap) félagsins á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam.....	1.134.901.823
Eignir félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu.....	9.818.990.425
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	8.355.177.233
Eiginfjárlutfall félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	85,1%
Fjöldi ársverka á árinu nam.....	0,5

Starfsemi Kaupfélagsins hefur verið sinnt í hlutastarfi auk þess sem stjórnarformaður sinnir starfsskyldum kaupfélagsstjóra. Laun og annar kostnaður vegna starfsmanna og stjórnar Kaupfélagsins námu 17 milljónum króna á árinu, samanborið við 16,2 milljónum króna á árinu 2024.

Á árinu var 51,28% hlutur félagsins í Samkaupum seldur og fékk félagið greitt með hlutabréfum í Dröngum hf. Viðskiptin eru að fullu frágengin og voru framkvæmd í samræmi við ákvörðun stjórnar og samþykkt af fulltrúaráði félagsins. Salan skilaði söluhagnaði að fjárhæð 2,98 ma. króna.

Félagsmenn

Félagsmenn Kaupfélagsins voru 6.887 í árslok í sex félagsdeildum en í upphafi árs voru þeir 7.037. Í samræmi við ákvæði laga um samvinnufélög hafa allir félagsmenn jafnan atkvæðisrétt og önnur réttindi, þar sem stofnsjóður er eingöngu í A-deild

Tillaga til aðalfundar

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins verði yfirfært til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Yfirlýsing stjórnar

Að áliti stjórnar Kaupfélags Suðurnesja svf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Kaupfélags Suðurnesja svf. staðfestir hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.



Reykjanesbær, 12. mars 2026.

Í stjórn


Sigurbjörn Gunnarsson
Formaður stjórnar


Eysteinn Eyjólfsson


Inga Brynja Magnúsdóttir


Guðbjörg Ingimundardóttir

Garðar Newman

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Aðrar tekjur		2.978.161.967	41.014.711
Laun og annar starfsmannakostnaður	4	(17.039.717)	(16.195.288)
Annar rekstrarkostnaður		(8.829.682)	(12.130.873)
Rekstrarhagnaður		<u>2.952.292.568</u>	<u>12.688.550</u>
Fjármunatekjur		876.184	1.641.560
Fjármagnsgjöld		(122.677.107)	(98.020.477)
	5	(121.800.923)	(96.378.917)
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaganna	7	(1.695.589.822)	(464.693.736)
Hagnaður (tap) ársins		<u><u>1.134.901.823</u></u>	<u><u>(548.384.103)</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Fastafjármunir			
Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum	7	6.935.199.954	8.067.419.511
Eignahlutir í öðrum félögum		2.878.027.347	0
		<u>9.813.227.301</u>	<u>8.067.419.511</u>
Veltufjármunir			
Aðrar skammtímakröfur		192.759	361.173
Handbært fé		5.570.365	17.351.062
		<u>5.763.124</u>	<u>17.712.235</u>
Eignir		<u>9.818.990.425</u>	<u>8.085.131.746</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Stofnfé félagsmanna	8	57.844.560	56.556.512
Lögbundinn varasjóður		16.366.048	16.366.048
Endurmatsreikningur rekstrarfjármuna		6.307.690.905	6.414.407.967
Bundin hlutdeildarreikningur		82.699.485	48.025.501
Óráðstafað eigið fé		1.890.576.235	683.631.334
Eigið fé		<u>8.355.177.233</u>	<u>7.218.987.362</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldir við lánastofnanir	9	726.662.249	773.165.672
Skuldir við tengd félög	11	641.290.244	0
		<u>1.367.952.493</u>	<u>773.165.672</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		203.917	219.064
Næsta árs afborganir langtímaskulda	9	63.328.831	61.773.472
Skuldir við tengd félög	11	2.727.952	2.735.225
Aðrar skammtímaskuldir		29.599.999	28.250.951
		<u>95.860.699</u>	<u>92.978.712</u>
Skuldir		<u>1.463.813.192</u>	<u>866.144.384</u>
Eigið fé og skuldir		<u>9.818.990.425</u>	<u>8.085.131.746</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		2.952.292.568	12.688.550
Söluhagnaður eignarhlutar		(2.978.161.967)	(41.014.711)
Veltufé til rekstrar án vaxta og skatta		(25.869.399)	(28.326.161)
Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun		168.414	288.268
Rekstrartengdar skuldir, hækkun		152.370	1.822.823
Handbært fé til rekstrar án vaxta og skatta		(25.548.615)	(26.215.070)
Innborgaðir vextir og arður		876.184	1.641.560
Greiddir vextir		(92.503.799)	(42.024.981)
Handbært fé til rekstrar		(117.176.230)	(66.598.491)
Fjárfestingahreyfingar			
Arður frá dótturfélögum		50.000.000	55.640.000
Keyptir/seldir eignarhlutar í dótturfélögum		(513.235.645)	50.000.000
		(463.235.645)	105.640.000
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda		(175.333.325)	(61.445.747)
Breytingar á stofnfé	8	1.181.531	(1.842.785)
Nýjar langtímaskuldir		101.500.000	0
Hækkun á skuldum við tengd félög		641.282.971	7.273
		568.631.177	(63.281.259)
Lækkun handbærs fjár		(11.780.697)	(24.239.750)
Handbært fé í upphafi árs		17.351.062	41.590.812
Handbært fé í lok árs		5.570.365	17.351.062

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Kaupfélag Suðurnesja svf. er samvinnufélag og starfar á grundvelli laga nr. 22/1991 um samvinnufélög.

Kaupfélag Suðurnesja svf. er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Krossmóa 4a, 260 Reykjanesbæ.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2025	2024
Laun og annar starfsmannakostnaður	17.039.717	16.195.288
Meðalfjöldi stöðugilda	0,5	0,5

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2025	2024
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	876.184	1.641.560
	876.184	1.641.560
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	(120.047.867)	(98.019.711)
Dráttarvaxtagjöld	(950)	(766)
Önnur vaxtagjöld	(2.628.290)	0
	(122.677.107)	(98.020.477)

6. Tekjuskattur

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2026 þar sem tekjuskattsstofn félagsins er neikvæður.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:	2025		2024	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður (tap) fyrir skatta	1.134.901.823		(548.384.103)	
Skatthlutfall	(226.980.365)	20,0%	115.160.662	21,0%
Óskattskyldur söluhagnaður eignarhluta	595.632.293	52,5%	0	0,0%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags	(339.117.964)	(29,9%)	(97.585.685)	17,8%
Aðrir liðir	(4.280)	(0,0%)	(295.193)	0,1%
Ófærð tekjuskattsinnæign	(29.529.684)	(2,6%)	(17.279.784)	3,2%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikn.	(0)	0,0%	(0)	0,0%

Skýringar

7. Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum

	Eignarhlutur	Meginstarfsemi		
Eignarhlutar í dótturfélögum:				
KSK eignir ehf., Krossmóa 4a, Reykjanesbær	100%	Leiga og rekstur fasteigna		
Fagurey ehf., Krossmóa 4a, Reykjanesbær	100%	Eignarhaldsfélag		
Eignarhlutar í dótturfélögum:				
	Samkaup hf.	KSK eignir ehf.	Fagurey ehf.	Samtals
Bókfært verð eignarhlutar í upphafi árs	1.152.966.198	6.911.036.694	3.416.619	8.067.419.511
Greiddur arður til móðurfélags	0	(50.000.000)	0	(50.000.000)
Áhrif dótturfélaga	(1.766.336.463)	70.761.844	(15.203)	(1.695.589.822)
Kaup (sala) eignarhluta	613.370.265	0	0	613.370.265
Endurmat fasteigna	0	-	0	0
	<u>0</u>	<u>6.931.798.538</u>	<u>3.401.416</u>	<u>6.935.199.954</u>

Breyting eignarhluta í dóttur- og hlutdeildarfélögum greinist þannig:

	2025	2024
Staða í ársbyrjun	8.067.419.511	5.973.470.591
Selt á árinu	613.370.265	0
Endurmat fastafjármuna	0	2.614.282.656
Greiddur arður	(50.000.000)	(55.640.000)
Hlutdeild í afkomu	(1.695.589.822)	(464.693.736)
Staða í árslok	<u>6.935.199.954</u>	<u>8.067.419.511</u>

Afkomuhlutdeild miðast við afkomu dótturfélaganna að teknu tilliti til leiðréttingar m.a. vegna afskrifta yfirverðs eignarhluta og aðlögunar vegna alþjóðlegra reikningsskilastaðla að íslenskum ársreikningarlögum.

8. Eigið fé

Hlutafé greinist þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Stofnsjóður félagsmanna	57.844.560	100%	57.844.560
	<u>57.844.560</u>	<u>100%</u>	<u>57.844.560</u>

Eigið fé greinist þannig:

	Stofnsjóður félagsmanna	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2024	58.399.297	3.901.933.126	1.190.947.896	5.151.280.319
Breytingar á stofnfé	(1.842.785)			(1.842.785)
Endurmat fastafjármuna		2.614.282.656		2.614.282.656
Afskrift af endurmati		(72.466.026)	72.466.026	0
Óþekktir úr stofnsjóði færðir á eigið fé			3.651.275	3.651.275
Fært á bundið eigið fé		35.049.760	(35.049.760)	0
Tap ársins			(548.384.103)	(548.384.103)
Eigið fé 1.1.2025	56.556.512	6.478.799.516	683.631.334	7.218.987.362
Breytingar á stofnfé	1.288.048			1.288.048
Afskrift af endurmati		(106.717.062)	106.717.062	0
Fært á bundið eigið fé		34.673.984	(34.673.984)	0
Hagnaður ársins			1.134.901.823	1.134.901.823
Eigið fé 31.12.2025	<u>57.844.560</u>	<u>6.406.756.438</u>	<u>1.890.576.235</u>	<u>8.355.177.233</u>

Bundið eigið fé samanstendur af lögbundnum varasjóði (16,4 milljónir króna), endurmati fastafjármuna (6,3 milljarðar króna) og hlutdeildatekjum umfram móttækna arðgreiðslur (82,7 milljónir króna) í samræmi við 5. mgr. 41. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Endurmatereikningur er tilkominn vegna endurmats á fasteignum félagsins.

Skýringar

9. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2025	31.12.2024
Skuldir í íslenskum krónum	789.991.080	834.939.144
Næsta árs afborg. langtímask.	(63.328.831)	(61.773.472)
Langtímaskuldir í árslok	<u>726.662.249</u>	<u>773.165.672</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2025	31.12.2024
Næsta árs afborganir	63.328.831	61.773.472
Afborganir 2027/2026	63.328.831	61.773.472
Afborganir 2028/2027	63.328.831	61.773.472
Afborganir 2029/2028	63.328.831	61.773.472
Afborganir 2030/2029	63.328.831	61.773.472
Afborganir síðar	473.346.925	526.071.782
	<u>789.991.080</u>	<u>834.939.144</u>

10. Tekjuskattseign

	Inneign	
	2025	2024
Staða í ársbyrjun	251.068.387	271.159.376
Áhrif taps sem nýttist ekki	(21.158.651)	(36.547.927)
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins	29.529.784	16.456.937
Staða í árslok	<u>259.439.520</u>	<u>251.068.387</u>

Þar sem óvissa ríkir um nýtingu á yfirfæranlegu skattalegu tapi er tekjuskattseign ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

Tekjuskattseign greinast þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	31.12.2025	31.12.2024
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi	259.439.521	251.068.387
	<u>259.439.521</u>	<u>251.068.387</u>

Yfirfæranlegt skattalegt tap nýttist til frádráttar skattalegum hagnaði í síðasta lagi sem hér segir:

	31.12.2025	31.12.2024
Frá hagnaði ársins 2025 / 2024	(176.264.902)	(105.793.254)
Frá hagnaði ársins 2026 / 2025	(97.486.210)	(176.264.902)
Frá hagnaði ársins 2027 / 2026	(136.652.477)	(97.486.210)
Frá hagnaði ársins 2028 / 2027	(122.863.401)	(136.652.477)
Frá hagnaði ársins 2029 / 2028	(129.212.914)	(122.863.401)
Frá hagnaði ársins 2030 / 2029	(129.310.500)	(129.212.914)
Frá hagnaði ársins 2031 / 2030	(149.191.481)	(129.310.500)
Frá hagnaði ársins 2032 / 2031	(126.282.110)	(149.191.481)
Frá hagnaði ársins 2033 / 2032	(82.284.688)	(126.282.110)
Frá hagnaði ársins 2034 / 2033	(147.648.922)	(82.284.688)
	<u>(1.297.197.605)</u>	<u>(1.255.341.937)</u>

Skýringar

11. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengd félög árið 2025:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Fagurey ehf., dótturfélag	0	0	0	2.727.952
KSK ehf., dótturfélag	0	0	0	641.290.244
	0	0	0	644.018.196

Viðskipti við tengd félög árið 2024:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Fagurey ehf., dótturfélag	0	0	0	2.727.952
Samkaup hf., dótturfélag	299.487	0	0	7.273
	299.487	0	0	2.735.225

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og ef um ótengda aðila væri að ræða.

12. Reikningsskilaaðferðir

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar yfirráð yfir seldri vöru flytjast yfir til kaupanda, sem er almennt við afhendingu vöru. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímapunkti þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður línulega yfir líftíma lánsins.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendra mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

12. Reikningskilaaðferðir frh.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annað hvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eignunum í tekjuhæft ástand. Samkvæmt endurmatsaðferðinni er notast við gangvirði á þeim degi sem varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

Verðmatshækkningar vegna endurmats eru færðar á endurmatsreikning meðal eigin fjár að frádregnum tekjuskattsáhrifum. Við sölu, afskriftir eða niðurlagningu eignar er sá hluti endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi, og er færður í rekstrarreikning við sölu.

Eignarhlutar í dótturfélögum

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð grundvallast af því hvort fjárfestir; hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni, og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni. Eignarhlutar í dótturfélögum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og því færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og annarra breytinga á eigin fé, og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum

Til hlutdeildarfélaga teljast félög þar sem fjárfestir hefur veruleg áhrif á rekstrar- og fjármálastefnu. Félag er álitid hafa veruleg áhrif í öðru félagi ef það á 20% eða meira af atkvæðisrétti félagsaðila í því fyrirtæki, án þess að teljast hafa yfirráð. Samkvæmt hlutdeildaraðferð eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og annarra breytinga á eigin fé, og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreykingur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum afborgunum af höfuðstól og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekens atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söludegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárútreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.